



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1962

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Enn höfum við lifað ein sólhvörf, leggjum gamla árið til viðbótar við liðna tíð, og byrjum nýtt ár í Guðs nafni, vongóðir og fullir eftirvæntingar. Á þessum tímamótum þökkum við hjónin gamla árið innilega, og óskum yður, hverjum einstökum og þjóðinni í heild, hjartanlega gleðilegs nýárs, friðar og farsældar á komandi tímum.

Þetta er í tíunda sinn, sem ég ávarpa yður, landar mínir, héðan frá Bessastöðum. Það hefir margt skeð og breyst á þessum árum, og sem betur fer flest til batnaðar, hygg ég. Hinn síðasti áratugur er merkur kafli í sögu Íslendinga. Unga kynslóðin tekur við betra landi og á fleiri úrkosti en áður hefir þekkt, vísast allt frá landnáms tíð. Það hefir löngum verið kvartað um að vér værum fáir, fátækir, afskekktir og einangraðir. Og hvernig væri þá hægt að gera oss til hæfis ef vér aukum á kveinstafina, þegar fólkinu fjölgar, efnahagurinn batnar, og einangrunin hverfur að mestu úr sögunni? Oss eru að vísu búin fleiri viðfangsefni en áður, og sum vandasöm, en vér höfum málefni í vorri eigin hendi, eins og þjóðin hefir þráð um aldir. Vér metum forfeður vora og erum að mörgu leyti stoltir af þeirra sögu í harðbýlu landi. Og hví skyldum vér þá vantreysta vorum eigin manndómi til að mæta þeim viðfangsefnum í innan- og utanríkismálum, sem uppfylling margra óska og vona flytur með sér? Hitt liggur okkur nær, að líta einbeittir fram í tímann, eins og sjómaðurinn á hafinu, þó báturinn sé lítill og úthafið stórt. Örugg trygging fæst ekki á lífsins sjó, en það veldur miklu um örlögin, hverjir sitja undir árum og við stýrisvöl.

Ég minntist á, að við hjónin höfum nú setið hér á Bessastöðum tíu jól. Það þarf alltaf nokkurn tíma til að venjast nýjum bústað og nýju starfi – rétt eins og nýjum klæðum. Í minni stöðu þarf að fylgjast með mörgu, og vera viðbúinn. Þekking á mönnum og málefnum er nauðsynleg, og skal slíkt ekki rakið nánar. En því fagna ég meðal margs annars, að á þessum tæplega tíu árum hefir hver ný stjórn tekið við af annarri án tafar. En það er ekki lítils um vert, að ábyrg stjórn sitji við völd á hverjum tíma hjá þingræðisþjóð, og því nauðsynlegra sem ágreiningur er meiri, og viðfangsefni erfiðari viðfangs. Að þessu sinni læt ég nægja að þakka innilega fyrir hönd okkar hjónanna alla þá vinsemd og hjálpi sem við höfum orðið aðnjótandi á þessu tímabili. Guðlaun! sagði gamla fólkið.

Ekkert verður annað sagt en að gamla árið hafi verið gott og farsælt til lands og sjávar. Þó er alltaf héraðsmunur á veðurfari í þessu landi. Og togaraflinn brást. En allt verður það rakið betur og rætt annarsstaðar nú um áramótin. Ég læt þó ekki hjá líða að minnast þess, að á nýliðnu ári má telja að úrslit hafi orðið í handritamálinu, þó bið verði á afgreiðslu þess. Hinar miklu gersemar íslenskrar menningar, þau handrit,

sem geymst hafa í Danmörku, verða afhent Íslendingum. Það verður fagnaðarstund, þegar að því kemur. Og það skulum vér muna vel og meta, að þá eru jafnframt leyst þau ágreiningsmál Danmerkur og Íslands, sem fólust í sjálfstæðisbaráttunni. Dönum hefur farist vel, og ber þess að minnast með þakklæti og virðingu.

Handritin eru hið ytra tákni íslenskrar bókmenningar. Ég hygg að Íslendingar séu mest metnir meðal erlendra þjóða fyrir bókmenning og fornt stjórnskipulag. Edda, saga og Alþingi eru þau íslensk orð, sem flestir kannast við – auk Geysis og Heklu. Öðru máli gegnir að vísu um þá fáu, sem þekkja vora íslensku samtíð af sjón og raun. Menning nútímans í listum og atvinnulífi nýtur álits í þröngum hóp erlendra manna. En það hygg ég, að vér munum um langan aldur eiga orðstír vorn meðal erlendra þjóða mest undir bókmenntum og stjórnaritari enda er nú betur fylgst með en áður vegna aukinna viðskipta og samstarfs þjóða á milli. Það eru gerðar háar kröfur til þjóðar, sem hefir auglýst það fyrir umheiminum, en hún eigi elsta þing, sem enn er við lýði, ekki síst nú á þessum síðustu tímum, þegar svo margt gengur af göflunum meðal nýfrjálsra smáþjóða. Íslendingar eru ótvírætt vel ættaðir, en það hrekkur skammt þeim, sem gerast ættlerar.

Vér höfum á liðnu ári rækt frændsemi vora við Norðmenn. Heimsókn Ólafs Noregskonungs, og afhending Ingólfsstytunnar má hvorttveggja telja til merkisatburða. Vér veittum Snorrastyttunni í Reykholti viðtöku á sinni tíð án þess að minnast hans síðustu stundar, og Norðmenn þáðu með fögnuði Ingólfsstytuna, án þess að minnast viðskilnaðs ýmsra íslenskra landnámsmanna við sitt forna föðurland. Allt slíkt er gleymt og grafið fyrir öldum og eingöngu minnst frændseminnar og menningararfsins. En það er önnur þjóð, sem stendur oss næst Norðmönnum að skyldleika, sem vér höfum þó orðið algerlega viðskila við, og fennt í sporin. Það eru Írar. Til þess liggja skiljanleg rök, sem ekki verða hér rakin, en fjarskyld tungumál eru þó sjálfsagt ein höfuðorsökin, og hitt, að land þeirra lá ekki í okkar þjóðbraut. En nú er svo komið bæði samgöngum og málakunnáttu, að ég hygg, að hvorugt þurfi að standa í vegi fyrir auknum samskiptum við þá, sem vér rekjum ætt til, og hinna sem út um heiminn búa og geta rakið ætt sína til Íslands. Íslendingum munu nú duga tvö mál, sem flestir valda, eitthvert Norðurlandamálanna og enskan til samskipta og frændrækni um allar jarðir.

Á ferðum okkar um Norðurlönd áttum við hjónin kost á að hitta ótrúlega marga Íslendinga, sem sest hafa þar að, eða þeirra afkomendur. Þó allt að því tvær aldir væru liðnar frá brottflutning ættföðurins, þá leituðu ýmsir gamalla kynna á okkar fund. Í Kaupmannahöfn hafði ég til fylgdar einn konungsstallara. Hann hér Asger að fornafni, og taldi langömmu sína hafa verið af íslenskum ættum. „Þér eruð þó ekki kominn af síra Ásgeiri á Stað í Steingrímsfirði,“ spurði ég út í bláinn. Hann sótti ættartölu, sem afi hans hafði látið gera, og það stóð heima, þarna var síra Ásgeir Jónsson á sínum stað. Hann sagði mér, að í rauninni hafi þessi ættartafla verið gerð til að koma afa sínum í ætt við dönsku konungsfjölskylduna, en slíkt er oft eingöngu fært um íslenskar heimildir. Þessvegna, meðal annars, voru íslensk handrit eftirsótt fyrr á tímum. Annar „danskur Íslendingur“ sagði mér, að þrátt fyrir illan kurr, sem oft hafi gerst milli Dana og Íslendinga, þá væru flestir stoltir af því, að geta rakið ætt sína til Íslands, og varðveittu þær minjar.

Í Osló hittum við myndarlegan mann, í virðingarstöðu, sem sagði okkur að hann væri kominn af Gísla Jónssyni, hálfbróður Jóns sýslumanns Espólín. Hann gaf mér niðjatal Gísla, skráð á heljarmikla örk. Á þeim ættstofni var geysimikið og þétt lim, og margt þjóðkunnra manna í Noregi. Ég nefni þessi atriði sem dæmi. En skrítnast þótti mér þegar ég hittu negrann, blásvartan, en að öllu leyti vel á sig kominn, sem sagðist

sennilega vera ættaður frá Íslandi. Ég spurði, hvað væri til marks um það, en hann sagði það vera arfsögn í sínum ættbálki, að ættfaðirinn hafi komið frá landi, þar sem vatnið væri eins og grjót á vetrum. Þarna býst ég við, að Ísland hafi notið nafns meir en frændsemi. – En þetta er mín ítrekuð reynsla, að það er víðar en á Íslandi, höfuðbóli ættfræðinnar, lengi munað til góðra forfeðra.

Íslendingar erlendis og afkomendur þeirra eru mér sérstaklega hugstæðir eftir ferð okkar í haust þvert um Kanada, frá Quebec til Vancouver. Þar birtust tugir og hundruð Íslendinga, hvar sem numið var staðar. Það er talið líklegt að í Canada búi um fjörutíu þúsundir manna af íslenskum stofni. Það trúa því víst fáir, sem ekki hafa kynnst því af eigin raun, hvað Íslendingurinn er ríkur í þessu fólki, jafnvel þeim sem eingöngu mæla á enska tungu. Það er rangt að segja um þá, að þeir hafi „týnt“ íslenskunni. Þriðji og fjórði ættliðurinn er oftast alinn upp á ensku. Skólinn, félagarnir, starfsbræður, blöð og bækur, allt er enskt, og Vestur-Íslendingar sjálfir kanadískir borgarar. En þar fyrir lifir ótrúlega mikið af íslenskri menning og ræktarsemi í þessu fólki, hvort sem það talar íslensku eða ensku eingöngu, og enginn árekstur á milli hins erlenda þegnrettar og hins íslenska arfs eins og þegar má sjá í kvæðum og ræðum Stephans G. Stephanssonar. Þeir eru ekki týndir Íslandi heldur, og mikils um vert að vér réttum þeim vinarhönd yfir hafið. Handtak þeirra er sterkt, svipurinn hýr, og séð hefi ég tár glitra í auga, eins og döggi af himni, - gleðitár. - Það er fjöldi Íslendinga og afkomenda þeirra út um heim allan, sem varðveitir í hjarta sínu dýrmætari endurminningar, sínar eigin eða frásögur afa og ömmu, og sjá í hillingum Fjallkonuna út við sjóndeildarhring, í átt sólaruppkomu til sólarlags.

Það má segja að vesturfari hefjist um það leyti, sem Íslendingar fengu stjórnarskrá, og straumurinn harðnar svo á hallærisárunum frá 1880 til aldamóta. Nú er að mestu tekið fyrir þann straum, lífskjörin orðin svo áþekkt. Nokkur útflutningur á sér þó stað árlega, sem dreifist til margra landa, og aldrei er að vita hvar Íslendingur hittist fyrir. Það má búast við að slíkur tilflutningur haldist, frá landinu og til þess. Eins og nú er komið samgöngum, málakunnáttu og sérmenntun verður ekki varist fólksflutningum, og margar þjóðir gera sér að skyldu að halda uppi lifandi sambandi við landa sína og frændur í framandi löndum um alla heimskringluna. Það er verkefni, sem vér Íslendingar megum ekki vanrækja öllu lengur. Íslendingurinn erlendis er fulltrúi sinnar þjóðar. Sú utanríkisþjónusta getur verið bæði verðmæt og kostnaðarlaus bæði um verklega og andlega menningu auk þess sem ættjarðarböndin grípa oss föstum tókum.

Þegar vesturfari hófust fyrir rúmlega áttatíu árum voru íbúar landsins tæplega sjötíu þúsund. Nú eru Íslendingar búsettir í heimalandinu um eitthundrað og sjötíu þúsund. Það má sennilega áætla, að erlendis búi nærfelt sextíu þúsund manns af íslenskum ættum. Þetta er allmikil viðkoma, og hvað verður um næstu aldamót, sem óðum nálgast? Eigum vér sem heima sitjum að láta þetta fólk hverfa í alþjóða úthafið, eða eigum vér að gera oss far um að styrkja bróðurböndin, og rétta þeim hönd, sem fúsir vilja rétta hönd á móti? Ég hygg að svarið verði á eina leið hjá allflestum.

Ég mun ekki ræða í þessu stutta ávarpi einstök atriði um framkvæmd slíkrar starfsemi. Þar er mikla og góða reynsla annarra Norðurlandþjóða við að styðjast. Vafalaust má um skráningu Íslendinga erlendis styðjast við Þjóðskráardeild Hagstofunnar, og frjáls samtök áhugamanna gætu unnið mikið og gott starf. Og engin ofætlun er það, að halda á Þingvöllum á tilteknum fresti hátíð fyrir þá, sem heimsækja land og þjóð feðra sinna og forfeðra.

Vér Íslendingar eru fámenn þjóð og þurfum að stækka bæði að mannfjölda og manngildi. Það er einkum manngildið, sem gefur og tryggir smáþjóðum tilverurétt.

Horfnar kynslóðir eru nálægar í framtíðardraumum þjóðarinnar. Og allir Íslendingar, hvar sem þeir búa á jörðinni, eru boðnir og hjartanlega velkomnir til þátttöku í þjóðlífi líðandi stundar.

Góðir Íslendingar! Að svo mæltu endurtek ég bestu nýárskveðjur, og árna þjóðinni árs og friðar.